

## Starfshópur vegna Hjúkrunarheimilis við Hádegisskarð

### Samantekt

Starfshópurinn var stofnaður skv. samþykkt bæjarráðs þann 20. september 2012 og skipaðir fulltrúar í hópinn í bæjarráði þann 4. október 2012. Starfshópurinn skipa Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir frá bæjarráði, Gunnar Axel Axelsson frá fjölskylduráði og Helga Ingólfssdóttir frá umhverfis- og framkvæmdaráði. Starfsmenn hópsins eru Rannveig Einarsdóttir frá fjölskylduþjónustu, Ólafur Helgi Árnason frá skipulagi- og byggingum og Sigurður Páll Harðarson frá umhverfi- og framkvæmdum.

### Erindisbréf starfshópsins er eftirfarandi:

*Um starfshætti starfshóps um hjúkrunarheimili á Völlum fer samkvæmt reglum fyrir starfsnefndir ráða/bæjarstjórnar frá 14.06.12.*

Hlutverk starfshópsins er samkvæmt samþykkt bæjarráðs þann **20.09.12**

„Bæjarráð samþykkir að kjósa í starfshóp vegna hjúkrunarheimilis að Völlum 7. Starfshópnum er falið að skoða ólíkar leiðir við hönnun, byggingu og rekstur hjúkrunarheimilisins og koma með tillögu til bæjarráðs sem taki til þessa þátta.“

#### Skipan:

Fulltrúar í starfshópnum verði þrír, **einn frá bæjarráði, einn frá fjölskylduráði og einn frá umhverfis- og framkvæmdaráði.**

Starfsmenn verði þrír, **einn frá fjölskylduþjónustu, einn frá skipulags- og byggingasviði og einn frá umhverfis- og framkvæmdasviði.**

#### Skil til bæjarráðs.

Niðurstöður og tillögur hópsins liggja fyrir eigi síðar en 18. nóvember 2012.

#### Kostnaður.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna starfa hópsins.

### Störf hópsins

Starfshópurinn hefur alls fundað sjö sinnum og hefur vinnan tekið heldur lengri tíma en upphaflega var áætlað.

Fyrsti fundur hópsins var 12. október til að fara yfir erindisbréf og hlutverk hópsins og með hvaða hætti fulltrúar sæu vinnuna fyrir sér. Þá ákveðið að fara í það að skoða hjúkrunarheimili sem nýlega hafa tekið til

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large '77' and several scribbles.



## HAFNARFJÖRÐUR

starfa og samræmast þeim hugmyndum sem stuðst hefur verið við fram til þessa við vinnu að undirbúningi byggingar hjúkrunarheimilis í Hafnarfirði.

Annar fundur fór fram á Akureyri 26. nóvember þar sem þjónusta við aldraða var kynnt s.s. þjónustu við fólk á heimilum sínum og hvernig skipulag öldrunarmála er byggt upp á Akureyri. Hjúkrunarheimilin Hlíð og Lögmannshlíð skoðuð. Lögmannshlíð er nýjasta heimilið og byggir á svokallaðri Eden hugmyndafræði. Er á einni hæð, fimm einingar með 9 íbúum í hverri einingu. Er rekið af sveitarfélaginu.

Þriðji fundur var haldinn 29. Nóvember þar sem farið var yfir heimsóknina á Akureyri. Farið kostnaðartölur vegna framkvæmdahluta og rekstur hjúkrunarheimilis auk þess sem rætt er um næstu skref.

Fjórdi fundur var haldinn 14. desember með heimsóknum á tvo staði.

Kynning á uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Garðabæ sem staðsett er í Sjalandi. Um er að ræða 60 rýma heimili sem er langt komið í byggingu, þrjár 20 rýma hæðir. Verkið var boðið út í 4 hlutum.


14. desember er jafnframt farið á kynningarfund í Boðabing, heimili sem Hrafnista rekur. Þar eru nú 44 rými sem verða 88 í janúar 2015. Þar er jafnframt rekin dagvist. Lev og bo hugmyndafræði. Ríki og sveitarfélagið byggðu Boðabingið.

Fimmti fundur var haldinn 20. desember þar sem fengin er kynning á hugmyndafræði, byggingu og rekstri á Sóltúni. Þar eru 92 rými. Rekið með þjónustusamningi við ríkið.

Sjötti fundur var haldinn 5. febrúar þar sem farið var yfir stöðuna í vinnu starfshópsins. Fundarmenn sammála um að takmarka sig ekki við það að hjúkrunarheimilið sé á einni hæð og að útboð í áföngum væri vænlegur kostur. Jafnframt var rætt um Sólvangssvæðið og framtíð þess. Vísað til skýrslu nefndar um uppbyggingu heilðrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði frá árinu 2006 og Samantekt starfshóps fjölskylduráðs Hafnarfjarðarbæjar frá júní 2012.

Sjöundi fundur var haldinn 20. febrúar þar sem farið var yfir drög að skýrslu, drög að tillögu starfshópsins til bæjarráðs, drög að erindisbréfi verkefnahóps um uppbyggingu hjúkrunarheimilis og drög að bréfi þar sem óskað er eftir tilnefningum í verkefnahópinn.

Handwritten signatures and initials in blue ink.



## HAFNARFJÖRÐUR

### Niðurstaða starfshópsins

Með tilvísun í meðfylgjandi áætlun dagsettri 20.02.2013 leggur starfshópurinn til að bjóða út byggingu hjúkrunarheimils við Hádegisskarð í Hafnarfirði.

Útboð mannvirkja (bygging og lóð) verði með hefðbundnum hætti þ.e. hönnun boðin út sér og í framhaldi af því mannvirkin sjálf. Kappkostað verði að byggingin uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til nútíma hjúkrunarheimila í dag. Ennfremur að tekið verði tilliti til kostnaðarsjónarmiða bæði er varðar bygginguna sjálfa og rekstur innan hennar m.t.t. þeirrar þjónustu sem íbúum hjúkrunarheimilisins verður veitt.

Skipuð verði verkefnastjórn sem sjái um ofangreind útboð og eftirfylgni með þeim.


Horft verði m.a. til samnings um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Hafnarfjarðarkaupstaði sem undirritaður var 3. maí 2010. Í þeim samningi kemur fram að um sé að ræða hjúkrunarheimili fyrir 60 íbúa, við hönnun skal hinsvegar líka taka tillit til hugsanlegar stækkunar hjúkrunarheimilisins í framtíðinni og þeirrar stoðþjónustu sem tengst gæti starfsemi þess í byrjun eða í náinni framtíð.

Samkvæmt fyrrgreindum samningi um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Hafnarfjarðarkaupstaði sem undirritaður var 3. maí 2010, skal Hafnarfjarðarbær gera sérstakan samning við velferðarráðuneytið um rekstur hjúkrunarheimilisins. Hafnarfjarðarbær er heimilt að fela þriðja aðila að veita þjónustu á grundvelli þess samnings, enda liggi fyrir staðfesting velferðarráðuneytisins, en ábyrgð sveitarfélagsins á samningsskyldum við ráðuneytið verður ekki framseld. Leggur starfshópurinn til að verkefnastjórn verði falið að undirbúa rekstur heimilisins og gera tillögu þar að lútandi til bæjarráðs. Skal verkefnastjórnin meðal annars skoða hvort grundvöllur sé til samstarfs við aðra framkvæmdaraðila sambærilegrar þjónustu, svo sem önnur sveitarfélög.

Hafnarfirði 20. febrúar 2013

  
Gunnar Axel Axelsson

  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

með fyrirvara samþarfar fundargerð  
  
Helga Ingólfssdóttir